

S A M Þ Y K K T

207

14. des.

fyrir Vatnafélagið Eldvatn í Meðallandi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélagið Eldvatn. Heimili þess og varnarþing er í Leiðvalla-hreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni þess er að hindra rennsli jökulvatns í Eldvatn í Meðallandi og koma þar með í veg fyrir sandfyllingu farvegarins, landbrot frá ánni og yfirrennsli og skapa þau skilyrði fyrir silung og silungsveiði, sem þar voru, áður en jökulvatnið bar sand í farveginn.

3. gr.

Félagar kjósa 3 menn árlega á fundi til að hafa á hendi stjórnarstörf, og kjósa þeir sér úr sínum hópi formann og skipta með sér störfum. Stjórnin skal kosin skriflegri kosningu. Sér hún um fjárhag félagsins, um framkvæmd og viðhald mannvirkja og kemur fram fyrir þess hönd út á við. Allar fundargerðir félagsins ritist í sérstaka fundargerðabók.

4. gr.

Félagsskapurinn snertir þessar landareignir (enda eiga þær, að einni undan-tekinni, land að vatninu og vötnum þeim, sem í það renna):

1. Þjóðjarðirnar Langholt og Syðri-Steinsmýri I—II.
2. Sandgræðslujörðina Staðarholt (Feðga).
3. Sjálfseignarjarðirnar Botna, Hnausa með hluta þeirra í svokölluðu „Upplandi“, Syðri-Fljóta, Efri-Fljóta I og Efri-Fljóta II (Fljótakrók), þá síðastnefndu aðeins vegna veiðiréttar.

5. gr.

Stjórnin skal bóka gerðir félagsins á hverju ári, og glöggð bókhald skal haft yfir fjárhag þess fyrir hvert ár. Félagar kjósa endurskoðendur, aðalmann og vara-mann.

6. gr.

Formaður boðar fundi símleiðis eða á annan þann hátt, að öruggt sé. Ef helm-ingur eða meiri hluti félaga óskar, er skylt að halda fund. Lögmætur er fundur, ef $\frac{3}{4}$ félaga mæta. Ef ekki tekst að koma á fundi, sem sé lögmætur, skal boða hann í annað sinn, með nægum fyrirvara, og er fundur þá lögmætur, þótt ekki mæti nema helmingur félaga. Leyfilegt er félaga að fá mann í sinn stað til að mæta á fundi.

7. gr.

Félagsfundir ræða og úrskurða, að lokinni rannsókn þar um, hvaða aðgerðir verði gerðar til að hindra rennsli jökulvatns í Eldvatnið og fela stjórn félagsins að sjá um framkvæmdirnar. Enn fremur ræða þeir leiðir til fjáröflunar fyrir félagið, eftir því sem með þarf.

8. gr.

Tekjuöflun vegna kostnaðar við framkvæmdir mannvirkja og viðhald hefur félagsstjórnin á hendi, eftir samþykkt félagsfunda og kostnað þann allan, er á félaga fellur, greiða þeir eftir samkomulagi, eða, ef það næst ekki, eftir gerðardómi, og miðast skiptingin við eign (afnot) hvers og eins í veiðivötnunum (Eldvatni o. fl.).

14. des. Brot á ákvæðum samþykktar félagsins varða sektum frá 500 krónum og renna til félagsins.

Til að breyta samþykkt félagsins þarf $\frac{3}{4}$ atkvæða allra félagsmanna.

Heimilt er að slíta félaginu, ef $\frac{2}{3}$ aðila æskja þess. Skipta skal þá eignum þess, ef nokkrar verða eftir framlögum hvers og eins.

Á félagsfundum fer atkvæðagreiðsla í málum félagsins þannig fram, að eitt atkvæði sé gilt fyrir hverja fasteign (landareign).

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. desember 1961.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um hitalagnir o. fl. í Reykjavík.

1. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Reglugerðin gildir um allar vatnshitalagnir, svo og lofthitunarkerfi og loft-ræstingarkerfi.

3. gr.

Stjórn hitaveitu.

Bæjarstjórn Reykjavíkur fer með stjórn Hitaveitu Reykjavíkur, sem er eign Reykjavíkurbæjar. Bæjarstjórnin skipar hitaveitustjóra, sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar svo og aðra starfsmenn, eftir því sem þörf krefur.

4. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Reykjavíkur hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmisins.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.